



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 27. ágúst, 2007

Ákvörðun nr. 47/2007

Kaup Fóðurlöndunnar hf. á Kornhlöðunni ehf.

1.

Með bréfi, dags. 26. júlí 2007, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Fóðurlöndunnar hf. á öllum hlutum Mjólkurfélags Reykjavíkur hf. og Kornax ehf. í Kornhlöðunni ehf. Þannig yrði Fóðurblandan eftir samrunann eini eigandi Kornhlöðunnar. Eigendur Fóðurlöndunnar eru Kaupfélag Skagfirðinga svf. (...) ¹, Eignarhaldafélag Samvinnutrygginga svf. (...) ², MS Auðhumla hf. (...) ³, Traustfang ehf. (...) ⁴, Kaupfélag Borgfirðinga svf. (...) ⁵, Kaupfélag Héraðsbúa svf. (...) ⁶ og Kaupfélag Steingrímsfjarðar svf. (...) ⁷. Með bréfinu fylgdi samrunatilkynning, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum um tilkynningu samruna. ⁸ Bréfinu fylgdi einnig kaupsamningur um kaupin, dags. 4. júní 2007, auk ársreikninga samrunaaðila fyrir árin 2005 og 2006 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur kaupsamningurinn í sér samruna í skilningi 4. gr. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru uppfyllt.

2.

Með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 35/2006 var meðal annars fjallað um samruna Kaupfélags Skagfirðinga og Áburðarverksmiðjunnar við Fóðurlönduna og Bústólpa ehf. Með heimild í 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga setti Samkeppniseftirlitið samrunanum meðal annars það skilyrði að Fóðurblandan skyldi grípa til aðgerða til að slíta sameiginlegu eignarhaldi félagsins og annarra á Kornhlöðunni innan tíu mánaða frá dagsetningu ákvörðunarinnar. Skyldi Fóðurblandan gera Samkeppniseftirlitinu grein fyrir niðurstöðu þeirra aðgerða.

Fóðurblandan starfar á fóðurmarkaði. Fóðurblandan stundar fóðurframleiðslu, sölu á föðurvörum og rekstur smásöluverslana meðal annars í Reykjavík, Selfossi og Hvolsvelli.

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.

⁶ Fellt út vegna trúnaðar.

⁷ Fellt út vegna trúnaðar.

⁸ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Starfsemi Kornhlöðunnar felst hins vegar í uppskipun korns í Sundahöfn og geymslu. Tilgangur Kornhlöðunnar er að reka korngeymslur, annast lestun, og losun ásamt innflutningi á korni og heildverslun með hvers konar kornvörur.

Í tilkynningunni segir að í samræmi við framangreinda ákvörðun Samkeppniseftirlitsins hafi Fóðurblandan leitað eftir kaupum á öllum hlutum Mjólkurfélags Reykjavíkur og Kornax í Kornhlöðunni. Eftir kaupin verður Fóðurblandan eigandi að 100% hlutfjár í Kornhlöðunni. Mun Fóðurblandan því hafa algert eignarhald og yfirráð yfir Kornhlöðunni.

3.

Með vísan til 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga hefur verið lagt mat á hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða að slík staða styrkist. Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna kaupa Flóðurböndunnar á öllum hlutum í Kornhlöðunni. Þá hafa ekki komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni, heldur hefur skilyrði 2. tl. ákvörðunarorðar ákvörðunar nr. 35/2006 verið uppfyllt. Af kaupum Fóðurböndunnar á öllum hlutum í Kornhlöðunni leiðir að samstarfi keppnauta á fóðurmarkaði, þ.e. Fóðurböndunnar og Mjólkurfélags Reykjavíkur, er slitið. Í ljósi þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Með samningnum, dags. 4. júní 2007, keypti Fóðurblandan hf. allt hlutfé í Kornhlöðunni ehf. af Mjólkurfélagi Reykjavíkur hf. og Kornax ehf. Felur þessi yfirtaka í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

